



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir húðflúrstofu (Örlög) að Klapparstíg 3.

Nafn leyfishafa: Hrafnhildur Inga Guðjónsdóttir

Heimilisfang: Spóahólar 10

Póstnúmer: 111

Kennitala: 310790-2149

Útgáfudagur leyfis: xx.xx 2025

Gildir til: xx.xx 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir húðgötun í eyrnasnepla, líkamsgötun og húðflúr.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, xx 2025



Reykjavík

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

26-05-2025 15:20

Tungumál á Mínum síðum: IS

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á
Flutningur í nýtt húsnæði

Starfsemi hefst
13-06-2025

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar
Örlög

Aðsetur starfsstöðvar
Klapparstígur 5

Póstnúmer aðseturs
101

Símanúmer

Netfang

Heimasíða

-

Nafn fyrirtækis

Hrafnhildur

Kennitala fyrirtækis

3107902149

Lögheimili fyrirtækis

Spóahólar 10

Póstnúmer fyrirtækis

111

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Hrafnhildur Inga Guðjónsdóttir

Kennitala forsvarsmanns

Sími forsvarsmanns

Netfang forsvarsmanns

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Í fasteign

Fasteignanúmer

F2003137

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Hollustuhættir

Nánari lýsing á starfseminni

Starfsemin felst í húðflúrun og fylgir ströngum sóttvarnar- og öryggisreglum. Notaður úrgangur eins og nálar, blekílát og einnota hlífðarbúnaður er flokkaður sem spilliefni og afhentur viðurkenndum móttökustöðum. Þess má geta að allt sem notað er við starfsemina er einnota.

Fylgigögn

Viðbótargögn

-



Reykjavík, 22. september 2025
USK25090182

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA: Starfsleyfi

Viðtakandi: Hrafnhildur Inga Guðjónsdóttir
Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Klapparstígur 5
Merking: 14-0001 fasteignanúmer F2003137
Starfsemi: Húðflúrstofa

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir húðflúrstofu að Klapparstíg 5.

Húsnæðið heimilar þessa notkun.
Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 16.04.2024 (USK24030089) – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,
Berglind Björg Sigvaldadóttir
*Fyrir hönd byggingarfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið*



Reykjavík

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR HÚÐGÖTUN Í EYRNASNEPLA, LÍKAMSGÖTUN OG HÚÐFLÚR

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998
um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur fyrirtækja sem framkvæma húðgötun í eyrnasnepla, líkamsgötun og húðflúr. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda um það viðeigandi starfsleyfisskilyrði.		
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfseminni.	941/2002 13. og 14. gr.	
1.3	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr. 536/2001	
1.4	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 3. og 14. gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið, umgengið og þrifið.	941/2002 14. gr.	
2.2	Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 14. gr.	
2.3	Gólf, veggir, loft og húsbúnaður skal gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.	941/2002 14. gr.	
2.4	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. Heitt og kalt vatn skal vera til staðar.	941/2002 14. gr.	
2.5	Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14. gr.	

2.6	Viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Um fjölda snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti. Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera til staðar ásamt ruslafötu með loki. Salernisklefar og anddyri skulu vera úr eða klædd efni sem auðvelt er að þrifa. Loftræsting og birta skulu vera fullnægjandi. Gerð salerna skal að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar.	941/2002 15. gr.	
2.7	Aðskilin fatageymsla skal vera fyrir viðskiptavini og starfsfólk.	941/2002 14. gr.	
2.8	Borð og þvottalaug skal vera til staðar til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum og eða meðhöndlun sterkra efna.	941/2002 43. gr.	
2.9	Sérstök handlaug með fljótandi handsápu, gerlaeyði og einnota handþurrkum eða handþurrkum á rúllu skal vera í vinnurými. Handlaugin skal eingöngu notuð til handþvotta.	941/2002 43. og 47 gr.	
2.10	Þar sem notuð eru margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavina skal útbúnaður til dauðhreinsunar áhalda vera til staðar.	941/2002 43. gr.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þrifu daglega eða oftar eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum. Gæta skal fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku.	941/2002 11. og 14. gr.	
3.2	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera til staðar.	941/2002 14. og 11. gr.	
3.3	Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo á að lágmarki 60°C og geyma í lokuðum skápum eða ílátum.	941/2002 43. gr.	
3.4	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið nema að fengnu tímabundnu leyfi heilbrigðisnefndar.	941/2002 19. gr.	
3.5	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir.	Lög nr. 6/2002	

4. SÓTTVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Rekstraraðila ber að afla vottorðs frá landlækni.	941/2002 47. gr.	
4.2	Ávallt skal hreinsa, sótthreinsa og dauðhreinsa tæki og búnað með viðeigandi efnum og aðferðum.	941/2002 43. gr.	
4.3	Margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavinar skulu dauðhreinsuð og pökkuð á viðurkenndan hátt.	941/2002 43. gr.	
4.4	Hrein og sótthreinsuð eða dauðhreinsuð áhöld og búnaður skal notaður við hvern viðskiptavin. Nota skal einnota dauðhreinsuð áhöld og búnað þar sem því verður við komið.	941/2002 43. gr.	
4.5	Ef upp kemur grunur sjúkdóm meðal starfsfólks eða viðskiptavina sem ætla má að tengist starfseminni ber að tilkynna slíkt til heilbrigðisyfirvalda.	941/2002 43. gr.	
4.6	Skartgripir sem settir eru í nýgerð göt á húð, skulu vera dauðhreinsaðir og lausir við skaðleg efni.	941/2002 43. gr.	
4.7	Sá sem framkvæmir aðgerð skal þvo hendur sínar fyrir og eftir aðgerð. Einnota hanskar skulu notaðir við húðgötun, líkamsgötun og húðflúrun.	941/2002 47. gr.	
4.8	Rekstaraðilar skulu hengja upp á áberandi stað þær reglur sem gilda um starfsemina.	941/2002 47. gr.	

5. SAMÞYKKI VIÐSKIPTAVINAR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Óheimilt er að flúra, gata eða beita nálarstungu á einstakling undir 18 ára aldri nema með skriflegu leyfi forráðamanns.	941/2002 47. gr.	
5.2	Engan má flúra, gata eða beita nálarstungu sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.	941/2002 47. gr.	
5.3	Viðskiptavinir og forráðamenn í viðeigandi tilvikum skulu fá munnlegar og skriflegar upplýsingar sem fela í sér fræðslu um varanlega breytingu á húð, mögulega sýkingarhættu, eftirmeðferð á	941/2002 43. og 47. gr.	

flúraða eða gataða svæðinu og hugsanleg ofnæmisviðbrögð s.s. af völdum nikkels.		
---	--	--

6. MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995	


7. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
7.1	Lóð í kringum húsnæði skal vera frágengin og henni haldið hreinni.	941/2002 14. gr.	
7.2	Frágangur fráveitu skal vera fullnægjandi. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	
7.3	Frágangur sorpílata skal vera fullnægjandi, þau heil, hrein og meindýraheld.	941/2002 14. gr.	
7.4	Nálum, öðrum hvössum hlutum, spilliefnum og umbúðum undan spilliefnum ber að safna og koma til viðeigandi förgunar.	941/2002 43. gr.	
7.5	Leitast skal við að draga úr sorpmýndun og auka endurvinnslu úrgangs.	737/2003	

Starfsleyfisráðgjafi eiga sér m.a. stöð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 breytt með reglugerð nr. 169/2002, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti er varða matvæli, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Reykjavík 16.03.2018



Kristín Linda Árnadóttir